

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi – FEBSEL

Fundargerð

6. stjórnarfundur starfsársins

Fundarstaður: Félagsaðstaða eldri borgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5–7

Fundartími: 1. febrúar 2023 kl. 16.30.

Mættir: Kristbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Þóra Einarsdóttir, Stefán Bergmann, og Ragnheiður Haraldsdóttir, sem ritaði fundargerð. Inga Hersteinsdóttir og Petrea Ingibjörg Jónsdóttir boðuðu forföll. Gestur fundarins í upphafi hans var Þórleifur Jónsson, fyrrverandi fundarritari stjórnar FEBSEL.

Fundarefni:

1. Þórleifur Jónsson, fyrrv. fundarritari, kom á fundinn og afhenti stjórninni forlata fundargerðabók með öllum fundargerðum stjórnar og aðalfunda félagsins frá 12. september 2015. Formaður færði Þórleifi þakkir og verður bókin í vörslu fundarritara.
2. Sigríður Ólafsdóttir og Stefán Bergmann (formaðurinn Kristbjörg Ólafsdóttir átti ekki heimangengt) sátu fund Öldungaráðsins, sem beðið hefur verið eftir, í síðustu viku. Á fundinum var farið yfir samskipti Öldungaráðsins og FEBSEL, og rædd fjölmörg verkefni og/eða vandamál

sem brýnt er að bregðast við, og send hafa veið Öldungaráðinu til skoðunar.

Eftirfarandi eru minnispointar S.Ól. frá fundinum:

- A) Húsnæðismál aldraðra rædd og bent á að fólk væri að flytja af Seltjarnarnesi þar sem heppilegt húsnæði væri ekki nægilegt í boði og farið frammá að við gerð í skipulagsnefnd byggingamála yrði alltaf hugað að öldruðum, þar sem þeir væru komnir vel yfir 20% bæjarbúa. Fyrirhugaðar breytingar t.d. á húsi á Skólabraut gætu kannski hentað fyrir aldraða. Rætt um að senda þessa athugasemd til skipulagsnefndar og boða hana á næsta fund hjá Öldungaráði og ræða málið frekar.
- B) Hreyfipjálfun aldraðra rædd, margt þar í góðum gír, ath. hvort Gróttu ætli að gera eitthvað í sambandi við aldraða, það hefur komið fram annars staðar og Gróttufólk er að íhuga þessi mál. Þau munu verða boðuð á fund hjá Öldungaráði seinna.
- C) Heilsugæslumál rædd. En þar sem verið er að endurskoða og skipuleggja nýja verkferla í sambandi við aldraða hjá heilsugæslunni munum við bíða eftir því að fá frekari upplýsingar um stöðu mála frá þeim.
- D) Fjármál rædd t.d. fasteignaskatta o.fl. skatta. Bæjarstjóri mun verða boðaður á fund Öldungaráðsins til frekari viðræðna.
- E) Framfaravogin rædd, fulltrúi frá bæjarstjórn ætlar að hafa samband við fulltrúa úr Kópavogsbæ þar sem þessi hugbúnaður og aðferð við að meta árangur velferðarmála í bæjarfélögum hefur verið prófaður þar.

F) Í byrjun fundar hjá Öldungaráðinu kynnti Hildigunnur formaður

Öldungaráðsins ferð hennar og Kristínar í félagsstarfinu til Litháen ? þar sem var farið yfir verkefnið Nordplus, nýtingu bókasafna í þágu aldraðra t.d. í sambandi við stafræna færni, fyrirlestrar ýmiss komar í boði sjálfboðaliða – eldri borgara – , fundaraðstaða fyrir eldri borgara. Bókasöfn verða samskiptahús frekar en bókasafn, Hildigunnur ætlar að tala við bókasafnið í sambandi við þessi atriði.

3. Kristbjörg Ólafsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir gerðu grein fyrir

rafrænum fundi sem þær sátu vikuna á undan fyrir hönd FEBSEL.

Fundurinn var á vegum FEB og ÍSI með tveimur forvarnarstarfsmönnum þeirra. Fundurinn var tekinn upp og er öllum aðgengilegur.

Gerður var góður rómur í stjórninni að hugmyndum forvarnarfulltrúanna um viku (eða færri daga) sem helguð yrði hreyfingu eldra fólks í bæjarfélaginu nú með vorinu. Rætt um nauðsyn þesss að ná til fleiri hópa en þeirra sem nú stunda hreyfingu undir merkjum Janusar þjálfunarinnar, t.a.m. þeirra sem eiga síður heimangengt. Rifjaðar upp hugmyndir sem reyfaðar hafa verið á fundum FEBSEL um betri stuðning bæjarfélagsins við bætt aðgengi og aðstæður fyrir hreyfingu utan dyra. Rætt um að koma þeim sjónarmiðum á framfæri.

4. Rætt um landsfund LEB sem er framundan. Fyrir hönd FEBSEL kom

Kristbjörg á framfæri þeim sjónarmiðum við LEB að mikilvægt sé að félög eldri borgara í smærri sveitarfélögum fái fleiri fulltrúa en nú er. Fengist hafa svör, en ekki virðist áhugi á þessari tillögu. Vísað er til þess að aðalfulltrúar félaga geti tekið með sér áheyrnarfulltrúa, en sú hefur ekki

alltaf verið raunin í reynd. Rætt um aðalfund LEB og helstu álitamál sem þar munu koma til umræðu.

5. Rætt um undirbúning aðalfundar FEBSEI sem áformað er að halda 7. mars nk.kl.16.00 í fundarsalnum á Skólabrautinni. Lagabreytingar ræddar, sérstaklega varðandi setu í stjórn, en ákvæðið um tímalengd setu stjórnarmanna þykir ekki lengur þjóna tilgangi. Ákveðið að Kristbjörg og Stefán skoði þetta ákvæði og geri tillögur ef þurfa þykir.

Ekki tekin ákvörðun um næsta fund. Formaður boðar til hans.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.15

RH